

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, íbúðarhúsalóðir við Ármótsflöt 1, 3 og 5.

Breyting er gerð á um 11 ha skipulagssvæði úr landi Stóra- og Litla-Ármóts. Breytingar ná til lóðanna Ármótsflöt 1, 3 og 5 í landi Litla-Ármóts. Lóðin við Ármótsflöt 5 er stækkuð um 0,54 ha til austurs og verður 1,54 ha eftir breytingu en samhliða því stækkar byggingarreitur. Byggingarmagn lóðanna er aukið þannig að heimilt er að byggja allt að 500 m² hesthús/skemmu í stað 300 m² áður en nýtingarhlutfall verði þó aldrei meira en 0,05 á lóð. Mænishæð íbúðarhúss og bílskúrs á lóðunum má vera allt að 8 m í stað 6 áður. Samþykkt í sveitarstjórn 11. janúar 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. febrúar 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.